

Páll Skúlason var fyrsti Íslendingurinn sem ég kynntist persónulega þegar við Barbara komum upphaflega til landsins sem ferðamenn í september 1973. Og fjölskyda hans – konan hans Auður og börnin þeirra Birgir og Kolbrún og síðar Andri Páll – var fyrsta íslenska fjölskyldan sem við kynntumst. Nýkomin heim frá Belgíu tóku þau okkur og son okkar Mikka upp á sína arma og studdu þegar við tókum þá farsælu ákvörðun að setjast að á Íslandi.

Það var fyrst og fremst Páll sem gerði mér kleift að kenna við Háskóla Íslands. Í vináttu og þakklæti fyrir traustið sem hann sýndi mér hellti ég mér út í uppbyggingu heimspekikennslu við háskólann í samvinnu við Pál og Þorstein Gylfason. Auðvitað komu fleiri að verkefninu síðar en að mínu mati er hægt að vera stoltur af því sem við brautryðjendurnir fengum áorkað.

Páll bjó ekki í fílabEinsturni. Hann hvatti og leiðbeindi íslensku þjóðinni, þ.á.m. nemendum sínum og samstarfsmönnum, til að vera trú eigin menningu og siðferði. Fáir nutu meira trausts og aðdáunar fyrir hugsjónir sínar en Páll, þótt hann hafi e.t.v. ekki náð eins miklum árangri í þeim málum og hann vonaðist til. Andrúmsloft gráðugrar efnishyggu og ólaga virðist enn vera að eyða landinu. Samt sem áður var hann í augum margra samvíska þjóðarinnar um langt skeið.

Sem rektor leitaðist Páll við að auka skilning manna, þ.á.m. háskólamanna sjálfra, á því hvað háskóli sem akademísk stofnun fæli í sér og mikilvægi hennar. Hann gaf út margar ritsmíðar um eðli, markmið og stefnu háskóla sem vöktu athygli víða um heim. Þessar háskólapælingar leiddu meðal annars til þess að hann var fenginn til að taka þátt í að móta og meta stefnu hins nýstofnaða háskóla í Luxemborg.

Framlag Páls til heimspekinnar var frumlegt og upp á síðkastið vann hann að „heimspekikerfi“ sínu, en lést áður en verkinu lauk. Eftir hann liggja þó heildardrög að verkinu sem vinir hans og kollegar munu sjá til að komi út í eins endanlegu formi og unnt er þó hans stýrandi handar njóti ekki lengur við.

Fráfall Páls er mikið áfall fyrir okkur hjónin, konu hans Auði og fjölskyldu, vini, nemendur og kollega. Illvígur sjúkdómur hefur lagt hann að velli allt of snemma en Páll háði hetjulega baráttu og vann að því sem skipti hann mestu máli allt frá því hann gerði sér grein fyrir því að tíminn væri naumur. Það sem hann vildi og það sem gaf lífi hans merkingu á þessu tímabili var að endurskoða og gefa út fjölda heimspekilegra verka sem hann átti til óbirt og að semja og gefa út ný verk. Honum tókst ætlunarverk sitt eða næstum því. Segja má að hann hafi unnið að þessu til hinstu stundar studdur fjölskyldu sinni, vinum og kollegum. Að leiðarlokum er óhætt að segja að hann hafi lifað farsælu lífi.

Páll kvaddi í faðmi fjölskyldu sinnar og ég held að hann hafi á þeirri stundu verið tilbúinn og jafnvel hvíldinni þakklátur eftir harða baráttu. En missir okkar er mikill. Við Barbara sendum öðrum vinum og kunningjum Páls, en mest af öllu Auði og fjölskyldu hans, okkar dýpstu samúð.

Mikael M. Karlsson